

Menntaskólinn á Ísafirði

Framsækinn skóli –
Fjölbreyttir námsmöguleikar



Hönnun:

Umbrot og prentun: H-PRENT

Skólinn

Menntaskólinn á Ísafirði er framsækinn skóli sem stendur á gömlum merg. Fjölbreytt nám er í boði við skólann, bæði bók- og verknám í dagskóla og dreifnámi. Í Menntaskólanum á Ísafirði skiptir sérhver nemandi skólans máli og gagnkvæm virðing ríkir milli nemenda og kennara. Vinnuaðstaða er með því besta sem þekktist hér á landi og í skólanum er þráðlaust net og fullkomið bókasafn.



Heimavist og mötuneyti

Heimavist og mötuneyti eru sambyggð bóknáms- húsinu. Á heimavist eru 10 einstaklingsherbergi með sturtu og snyrtingu, þar af tvö sem geta verið tveggja manna og 24 einstaklingsherbergi með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sex herbergi. Á heimavist er þráðlaust net. Við skólann er mjög gott mötuneyti sem er vel nýtt af nemendum og starfsliði skólans.



Grunnnám hár- og snyrtigreina

Brautinni er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu fyrir nám í snyrti- og hársnyrtifræði. Meðalnámstími er 4 annir og er námið samtals 73 einingar. Ný og glæsileg aðstaða fyrir brautina var tekin í notkun í janúar 2008.

Samfélagstúlkun

Námið er nýjung í námsframboði MÍ. Það nær yfir 3 annir og miðar að því mennta fólk af erlendum uppruna sem hefur náð góðum tókum á íslensku, til starfa sem samfélagstúlkar. Í náminu er m.a. lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir helstu vandkvæðum í túlkun á milli mismunandi tungumála og menningarsvæða. Jafnframt að þeir öðlist þá faglegu færni sem þarf til að túlka við erfiðar aðstæður í viðkvæmum málum.



Starfsbraut

Við skólann er starfrækt sérbraut fyrir nemendur sem ekki hafa tekið samræmd próf eða fengið undanþágu frá námi í samræmdum prófgreinum og notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild og fengið námsmat skv. 48. gr. Grunnskólalaga. Markmið námsins miðast að því að styðja nemendur til aukins þroska og veita þeim menntun sem nýtist í daglegu lífi og tómstundum. Nemendur fá einstaklingsbundna námskrá og ljúka námi á brautinni eftir eins til fjögurra ára nám.



Afreksíþróttabraut

Nám á afreksíþróttabraut er skipulagt í samvinnu við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Íþróttakennari skólans hefur umsjón með brautinni en sérgreinahjálparar íþróttafélaganna í Ísafjarðarbæ annast kennslu í sínum greinum.



Félagslíf

Í Menntaskólanum á Ísafirði er gróskumikið félagslíf. Stjórn Nemendafélags MÍ (NMÍ) hefur umsjón með félagslífinu og á vegum félagsins starfa ýmis félög og klúbbar. Meðal þess sem hæst ber á hverjum vetri eru:

- Sólrishátíð, vikulöng menningarhátíð í byrjun mars
- Söngkeppni
- Dansleikir
- Íþróttaviðburðir
- Skemmtikvöld

Heimasíða félagsins er www.nmisa.is





Almenn námsbraut

Þeir nemendur sem ekki standast kröfur um inntöku á bóknámsbrautir eða eru óráðnir í námi geta innritast á almenna námsbraut. Að fullnægðum tilteknum skilyrðum um námsrárangur geta nemendur haldið áfram námi á öðrum brautum.

Húsasmíði

Nám í húsasmíði hefst með einnar annar grunnnámi sem er sameiginlegur undirbúningur í bygginga- og mannvirkjagreinum. Að því loknu hefja nemendur fagnám í húsasmíði og skiptist námið í tvennt, annars vegar bóklegt og verklegt nám í skóla og hins vegar vinnustaðanám. Heildarnámstími er að jafnaði 4 ár og þar af er samningsbundið vinnustaðanám 18 mánuðir. Náminu lýkur með sveinsprófi.





Grunndeild málmiðna

Markmið fyrri hluta náms í málmiðngreinum er að nemandinn hljóti nauðsynlega, almenna og faglega undirstöðumenntun til að takast á við nám í sérgreinum á seinni hluta málmiðnaðarnáms til sveinsprófs. Að loknu 4 anna námi í grunndeild málmiðna getur nemandinn sérhæft sig í einhverri hinna 4 greina málmiðna:

- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun

Stálsmíði

Nemendum sem lokið hafa námi við grunndeild málmiðna býðst nám í stálsmíði í samstarfi við fyrirtækið 3X Technology .



Vélstjórn

Nám á vélstjórnarbraut hefst með einnar annar námi sem gefur réttindi sem smáskipavélavörður. Að því loknu tekur við A hluti vélstjórnarnáms sem veitir 750 kw réttindi og þar á eftir B hluti vélstjórnarnáms sem veitir 1500 kw réttindi.



Stúdentsprófsbrautir

Við skólann eru hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs.

- Félagsfræðibraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Tónlistarnám er metið sem kjörsvið
- Nám á afreksíþróttabraut er metið sem kjörsvið





Sjúkraliðanám

Sjúkraliðabraut er ætlað að búa nemendur undir sjúkraliðastörf. Til viðbótar námi á brautinni verða nemendur að vinna fjóra mánuði á sjúkrastofnun og geta að því loknu sótt um löggildingu starfsheitis til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Meðalnámstími er 6 annir auk 4 mánaða starfsþjálfunar.

Grunndeild rafiðna

Markmið fyrri hluta náms í rafiðngreinum er að nemandinn hljóti nauðsynlega, almenna og faglega undirstöðumenntun til að takast á við nám í sérgreinum á seinni hluta rafiðnaðarnáms til sveinsprófs. Að loknu námi í grunndeild rafiðna getur nemandinn sérhæft sig í einhverri hinna 4 greina rafiðna:

- Rafeindavirkjun
- Rafveituvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafvirkjun





Dreifnám

Dreifnám við MÍ er nám sem stundað er án reglulegrar tímasóknar. Nemandinn er í sambandi við kennarann í gegnum námsumsjónarkerfi á netinu. Dreifnám er fyrst og fremst tilboð til þeirra sem ekki geta stundað reglulegt nám í dagskóla en getur einnig nýst dag-skólanemum.

Iðnmeistaránám

Markmið meistaránáms er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo þeir geti fengið meistarabréf skv. 10 gr. Iðnaðarlaga, staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði. Námið er í eðlilegu framhaldi af iðnnámi.





Menntaskólinn á Ísafirði
Torfnesi, 400 Ísafjörður
Sími 450 4400, fax 450 4419
Netfang: mi@misa.is - www.misa.is